

Öskudagsgleði í Þelamerkurskóla

Eins og hefð er fyrir verður öskudagsgleði Þelamerkurskóla á sprengidaginn sem er þriðjudaginn 17. febrúar nk. Nemendur geta komið strax um morguninn í búningum sínum og máluð, en fram að hádegi er kennt samkvæmt stundaskrá. Það verður ekki sund þennan dag. Hádegismatur verður frá kl. 12.00 – 12.30. Öskudagsskemmtunin hefst á sal **kl. 12.30**

Dagskrá hennar er:

Kötturinn sleginn úr tunnunni
Tunnukóngur/drottning krýnd/ur með
viðhöfn
Söngvakeppni öskudagsliða
Marsering undir stjórn elsta námshópsins –
skólavinir marsera saman
Öskudagsball þar sem allir taka þátt



Á öskudagsskemmtuninni þurfa allir að vera í búningum og það telst ekki búningur að setja á sig derhúfu eða svitaband. Foreldrar í búningum eru velkomnir á skemmtunina. Allir sem mæta í búningum fá nefnilega verðlaun. Einnig verða veitt verðlaun í söngvakeppninni. **Rútur fara heim á venjulegum tíma eða kl. 14.20.**



Tíminn fyrir öskudag er oftast hlaðinn tilhlökkun hjá börnunum. En hann er líka hlaðinn ákveðinni spennu sem myndast við skipan í öskudagslið. Við viljum biðja foreldra um að aðstoða börn sín við að setja saman liðin með því að ráðfæra sig hver við annan svo að allir sem þess óska komist glaðir í öskudagslið.

Á sjálfan öskudaginn er vetrarfrí í skólanum.

Með öskudagskveðju,

Ingileif og Unnar